

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,  
með síðari breytingum (endurskoðun matsskýrslu).

Flm.: Katrín Jakobsdóttir.

### 1. gr.

1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef framkvæmdir hefjast ekki innan sjö ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir skal viðkomandi leysisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt. Enn fremur getur framkvæmdaraðili, svo og einstaklingar og lögaðilar sem hafa sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta vegna framkvæmdarinnar, óskað eftir endurskoðun af þessu tagi. Þá geta umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök með minnst 30 félaga óskað eftir slíkri endurskoðun í samræmi við ákvæði Árósasamningsins um þátttöku almennings í ákvörðunum á sviði umhverfismála.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt í þessari mynd á 144. löggjafarþingi (155. mál) en kom ekki til umræðu og er það því endurflutt. Upphafleg greinargerð með frumvarpinu fylgir hér óbreytt:

„Frumvarp um þetta efni var áður flutt á síðasta löggjafarþingi (120. mál). Meginatriði þess er að gildistími umhverfismats Skipulagsstofnunar vegna framkvæmda styttest úr tíu árum í sjö ár. Þá er í frumvarpinu ákvæði þess efnis að umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök geti óskað eftir endurskoðun á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda í samræmi við ákvæði Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

Frumvarpið (120. mál 143. þings) gekk til umhverfis- og samgöngunefndar sem sendi út umsagnarbeiðnir vegna þess til ýmissa aðila. Alls bárust 12 umsagnir frá 13 aðilum, en Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins sameinuðust um umsögn. Með hliðsjón af efni frumvarpsins þarf ekki að koma á óvart að umsagnir framkvæmdaraðila, þ.e. stofnana á sviði mannvirkjagerðar og samtaka fyrirtækja í þeim greinum, eru neikvæðar en umsagnir félagsamtaka á sviði náttúruverndar og stofnana á sviði umhverfis- og skipulagsmála reyndust jákvæðar. Frá Skipulagsstofnun bárust ítarlegar ábendingar og tillögur sem urðu til þess að frumvarpið er nú flutt nokkuð breytt frá fyrra horfi.

Í 12. gr. laga nr. 106/2000 er fjallað um í hvaða tilvikum endurskoða skuli matsskýrslu að hluta eða í heild og þar með að málsmeðferð vegna matsskýrslu fari fram að nýju, sbr. 9.–11. gr. laganna. Þetta á því aðeins við að um sömu framkvæmd sé að ræða. Breytist framkvæmdin í veigamiklum atriðum fer að sjálfsögðu um hana sem um nýja framkvæmd. Einnig kann að vera nauðsynlegt í þessum tilvikum að endurskoða matsáætlun. Þau skilyrði sem sett eru fyrir slíkri endurskoðun í gildandi lögum eru í fyrsta lagi að framkvæmdir hafi ekki hafist

innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir. Við þær kringumstæður ber þeim leyfisveitanda sem tók afstöðu til matsskýrslu framkvæmdarinnar og álits Skipulagsstofnunar að óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða skuli matsskýrslu í heild eða að hluta, hafi verið lögð fram umsókn um leyfi til framkvæmda. Hér getur því annaðhvort verið um að ræða sveitarstjórn eða leyfisveitanda samkvæmt sér-lögum sem um viðkomandi framkvæmd gilda.

Verði frumvarp þetta að lögum mun tíminn til að hefja framkvæmdir stytast um þrjú ár, þannig að hafi þær ekki hafist innan sjö ára í stað tíu, eins og er í gildandi lögum, skuli viðkomandi leyfisveitandi óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um endurskoðun matsskýrslu. Telja verður að tíu ár séu of langur tími án þess að endurmat matsskýrslu eigi sér stað, í heild eða að hluta. Á einum áratug geta miklar breytingar átt sér stað sem líklegar eru til að hafa áhrif á niðurstöðu matsskýrslu og gera endurskoðun hennar í senn æskilega og nauðsynlega. Má hér nefna niðurstöður nýrra rannsókna og aukna þekkingu, breytingar á náttúruferli, landnotkun og áhrif manna á áhrifasvæði framkvæmdar, breytingar á löggjöf, nýjar alþjóðlegar skuldbindingar, breytingar á verktækni og margt fleira. Hér ber að nefna að upphaflega var gert ráð fyrir að gildistími matsskýrslu yrði sex ár en var lengdur í tíu ár í meðförum umhverfisnefndar Alþingis sökum andmæla Landsvirkjunar og Samorku, sbr. 235. mál 131. löggjafarþings og 11. gr. laga nr. 74/2005, um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum. Með þeirri breytingu voru hagkvæmnissjónarmið framkvæmdaraðila hafin upp yfir náttúruverndarsjónarmið.

Einnig er lagt til að umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtökum með minnst 30 félaga verði veitt heimild til að óska eftir endurskoðun í samræmi við ákvæði Árósasamningsins. Verður þá samræmi milli laga nr. 106/2000 og laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem fest er í lög að framangreind samtök geti átt aðild að beiðni um úrskurð varðandi umhverfis- og auðlindamál.

Árósasamningurinn er í grunninn svæðisbundinn umhverfissamningur. Aðild að honum er opin öllum ríkjum efnahagsnefndar Evrópu (United Nations Economic Commission for Europe). Segja má að samningurinn tengi saman umhverfismál og mannréttindi þar sem hann byggist á því að fullnægjandi verndun umhverfisins sé nauðsynleg fyrir velferð mannsins og til að hann geti notið grundvallarmannréttinda. Sérhver kynslóð eigi rétt á því að lifa í umhverfi sem sé fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hennar. Öllum beri skylda til að vernda og bæta umhverfið til hagsbóta fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Á þessum grunni leggur samningurinn skyldur á ríkin að tryggja almenningi ákveðin réttindi svo að hann geti haft áhrif á ákvarðanatöku sem snertir umhverfið.

Þau réttindi sem ríkin eiga að tryggja almenningi eru þríþætt og mynda þrjár stoðir samningsins. Fyrsta stoðin mælir fyrir um skyldur ríkja til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Önnur stoðin skyldar ríkin til að tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi að ákvörðunum sem snerta umhverfið. Þriðja stoðin snýr svo að skyldu ríkja til að tryggja almenningi réttláta málsmeðferð í málum sem varða umhverfið. Ákvæði samningsins, hvað þessi réttindi snertir, fela í sér lágmarksreglur. Þau eru mörg hver almenns eðlis og gefa aðildarríkjunum talsvert svigrúm við innleiðingu þeirra. Á það einkum við um þriðju stoð hans.

Mikilvægt er að félagasamtök og almenningur komi að ákvörðunum er varða umhverfismál líkt og sjá má af þróun lagasetningar á því sviði, m.a. með lögfestingu Árósasamningsins. Slík löggjöf nær ekki markmiði sínu nema samtök almennings hafi möguleika á því að taka virkan þátt í ákvarðanaferlinu. Á það ekki síst við um náttúruverndarsamtök og mál er varða umhverfismat áætlaða og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.“